

# Fundargerð 443. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 1. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í húsnæði Faxaflóahafna í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 442. fundar - 2110003HA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 442. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. febrúar 2022.

*Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta staðfundi.*

**2. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA**

Lögð fram til kynningar dagskrá hafnasambandsþings 2022.

**3. Siglingaráð - 2009019HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 30. fundar Siglingaráðs frá 2. september 2021.

**4. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2021 - 2202004HA**

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2021 áritaður af reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnum.

*Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.*

**5. Hafnasjóður Norðurlands mál nr. E-46-2020 - - 211002HA**

Lagður fram tölvupóstur frá Kristjáni Þór Magnússyni, sveitarstjóra Norðurlands, dags. 8. mars 2022, varðandi þátttöku í lögfræðikostnaði vegna dóms í máli nr. E-46/2020, Hafnasjóður Norðurlands gegn Gentle Giants-Hvalaferðum ehf, ásamt dómnum.

*Um er að ræða mikilvægt mál fyrir hafnir á Íslandi og því telur stjórn mikilvægt að útbúnar séu reglur um styrki vegna fordæmisgefandi dómsmála sem snúa að ríkum hagsmunamálum hafna. Málinu frestað til næsta fundar.*

**6. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar - eftirlit Fiskistofu o.fl. - 2203001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 15. mars 2022, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 386. mál.

**7. Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61-2003 - 2112002HA**

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á hafnalögum en Hafnasambands Íslands mun senda umsögn um málið.

Í lok fundar þakkaði formaður Magnúsi fyrir gott og ánægjulegt samstarf og óskaði honum farsældar á nýjum vettvangi en hann er að láta af störfum sem hafnastjóri Faxaflóahafna.

Stjórn telur mikilvægt að Faxaflóahafnir, sem stærsta höfn landsins, eigi fulltrúa í stjórn og því óskar stjórn eftir því að Faxaflóahafnir tilnefni áheyrnafulltrúa til að sitja stjórnarfundum hafnasambandsins fram að næsta hafnasambandsþingi sem fer fram í haust.

Að því loknu kynnti Magnús Þór Ásmundsson, hafnarstjóri Faxaflóahafna, ásamt starfsfólki Faxaflóahafna það sem er á döfinni hjá Faxaflóahöfnum og sýndu stjórn Magna nýjan dráttarbát hafnarinnar.

Fundi var slitið kl. 13:00

---

sLúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Magnús Þór Ásmundsson

---

Pétur Ólafsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason